9. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að 250 m^3	79.237 kr.
251-500 m^3	79.237 + 188,84 kr./m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	126.447 + 110,82 kr./m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	237.267 + 71,11 kr./m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	557.262 + 55,86 kr./m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 59.717. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 18.063 kr./grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.618 kr./m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu neysluverðs til útreiknings í júní 2000 sem er 199,1 stig.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 480, 3. júlí 2000.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. október 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

Nr. 765 6. október 2000

REGLUR

um endurgreiðslu slysatrygginga fyrir sjúkrahjálp samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um endurgreiðslu slysatrygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar (almannatryggingalaga) á nauðsynlegum kostnaði vegna lækninga hins slasaða að því leyti sem sérstakir samningar sjúkratrygginga ná ekki yfir hann.

Sjúkrahjálp sem ekki fellur undir samninga sjúkratrygginga og/eða veitt er af aðilum sem ekki hafa samning við sjúkratryggingar er ekki greidd úr slysatryggingum að öðru leyti en reglur þessar mæla fyrir um. Endurgreiðsla fer aðeins fram gegn framvísun reikninga vegna sjúkrahjálparinnar. Aðeins er greidd sjúkrahjálp vegna beinna afleiðinga hins bótaskylda slyss.

2. gr.

Læknishjálp.

Slysatryggingar greiða að fullu kostnað við nauðsynlega læknishjálp hins slasaða vegna slyssins samkvæmt samningum sjúkratrygginga. Enn fremur greiða slysatryggingar kostnað slasaða við nauðsynlega læknishjálp vegna slyssins sem veitt er á heilsugæslustöð og fyrir komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, rannsóknir og röntgengreiningar, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 68/1996.

3. gr.

Erlendur sjúkrakostnaður.

Erlendur sjúkrakostnaður greiðist ekki úr slysatryggingum, sbr. þó 2. mgr. Ef slasaður sem staddur er erlendis og þarf nauðsynlega á sjúkrahjálp að halda vegna afleiðinga slyssins á rétt samkvæmt reglum nr. 346/2000 um endurgreiðslu kostnaðar vegna veikinda eða slysa erlendis er jafnframt heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum úr slysatryggingum.

Ef bótaskylt slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a.-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað (bráðahjálp) vegna sjúkrahjálpar erlendis vegna slyssins.

Sé slasaða brýn nauðsyn á að vistast á erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálp í íslensku sjúkrahúsi fer um það eftir reglum 35. gr. almannatryggingalaga.

4. gr.

Tannlækningar.

Tannlækningar greiðast samkvæmt reglum d.-liðar 1. tölul. og b.-liðar 3. tölul. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Markmiðið er að bæta raunverulegt tjón slasaða af völdum slyssins. Endurgreiðsla miðast við gildandi samninga sjúkratrygginga á hverjum tíma eða gildandi gjaldskrá ráðherra, séu samningar ekki fyrir hendi.

5. gr.

Lyf.

Þurfi slasaði á lyfjum að halda vegna beinna afleiðinga bótaskylds slyss greiða slysatryggingar lyfin að fullu þegar um er að ræða nauðsynleg lyf sem læknir eða tannlæknir hefur ávísað og afgreidd eru í lyfjabúð eða hjá öðrum þeim sem hafa leyfi til lyfjasölu samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994. Skilyrði er að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið á Íslandi. Endurgreiðsla fer því aðeins fram að fyrir liggi greiðslukvittun þar sem fram koma heiti lyfja. Lyf í lyfjaflokkunum A 08 A (lyf við offitu) og G 04 B E (lyf við stinningarvandamáli) greiðast ekki úr slysatryggingum.

6. gr.

Sjúkraþjálfun.

Nauðsynleg sjúkraþjálfun vegna beinna afleiðinga slyss greiðist að fullu úr slysatryggingum. Iðjuþjálfun og talþjálfun greiðist ekki úr slysatryggingum.

7. gr.

Gervilimir og svipuð hjálpartæki.

Spelkur, gervilimir og bæklunarskófatnaður vegna beinna afleiðinga slyss greiðast að fullu úr slysatryggingum, svo og viðgerð á þeim eða endurnýjun ef viðgerð telst ekki fullnægjandi. Um fjölda slíkra hjálpartækja sem greidd eru til slasaðs á ári fer samkvæmt reglum tryggingaráðs um styrki til kaupa á hjálpartækjum, settra skv. 2. mgr. 33. gr. almannatryggingalaga. Önnur hjálpartæki en framangreind greiðast ekki úr slysatryggingum.

8. gr.
Ferðakostnaður.

Ferðakostnaður greiðist samkvæmt 2. tl. og c.-lið 3. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Sé eigin bifreið notuð í tilvikum sem ella féllu undir b.-lið 2. tl. og c.-lið 3. tl. sömu greinar má endurgreiða kostnað á sama hátt og mælt er fyrir um í 3. gr. reglna nr. 213/1999 um ferðakostnað sjúkratryggðra sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

9. gr.
Sjúkraflutningur.

Sjúkraflutningur greiðist samkvæmt f.-lið 1. tl. 1. mgr. 27. gr. almannatryggingalaga. Ef bótaskylt slys á sér stað erlendis eða um borð í skipi eða flugvél, sbr. a.-lið 1. mgr. 24. gr. almannatryggingalaga, er heimilt að greiða óhjákvæmilegan kostnað vegna sjúkraflutnings til Íslands. Sækja verður fyrirfram um greiðslu slíks flutnings.

10. gr.
Dvöl á sjúkrastofnun.

Ef slasaði þarf að dveljast á sjúkrastofnun vegna beinna afleiðinga slyssins og þarf að greiða hluta kostnaðarins við dvölina er heimilt að endurgreiða hlut hans í kostnaðinum.

11. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af tryggingaráði samkvæmt 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og gilda frá 6. október 2000.

Tryggingastofnun ríkisins, 6. október 2000.

Bolli Héðinsson.

Karl Steinar Guðnason.

Nr. 766 1. október 2000

REGLUGERÐ

um starfsemi, skyldur og eftirlit með Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. fer með starfsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli á grundvelli laga nr. 76/2000 um stofnun hlutafélags um Flugstöð Leifs Eiríkssonar, reglugerðar þessarar og rekstrarleyfis sem utanríkisráðherra veitir.

2. gr.

Rekstrarleyfishafa er skylt að fara að fyrirmælum stjórnvalda í starfsemi og rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli í málum er varða stjórn flugmála, umferð og öryggi í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Rekstrarleyfishafa er skylt í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist og þau síðar kunna að undirgangast og varða flugstöðina og starfsemi þá sem rekstrarleyfishafi fer með og yfirtekur. Til þeirra skuldbindinga teljast m.a.:

a) stofnsamningur Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO) ásamt viðaukum við hann,
b) samþykktir Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC),